

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981-2001.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðherra þann 7. janúar 1994 staðfest breytingu á aðalskipulagi Seltjarnarness 1981 - 2001, sem staðfest var 13. maí 1981.

Breytingin felst í því að íbúðasvæði ásamt hringvegi, vestan Lindarbrautar breytist í græn svæði fyrir útivist og friðun. Íbúðasvæði takmarkast nú af húsum við Nesbala að vestan og línu frá norðausturhorni stofnanasvæðis Nessafna í götuna Byggðagarða að norðaustan. Jafnframt minnkar stofnanasvæði umhverfis Nesstofu. Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness og skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt hana til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.

Nr. 19

10. janúar 1994

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000.

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 8. desember 1993 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vopnafjarðar 1980-2000, frá 30. nóvember 1984, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að fyrirhugað verslunar- og þjónustusvæði sunnan þjóðveggar er flutt til norðvesturs. Iðnaðarsvæði er minnkað og íbúðarsvæði stækkað sem því nemur.

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps tekur að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytið, 10. janúar 1994.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Hrafn Hallgrímsson.